

Þriðjudaginn 10. júní 1986.

Nr. 60/1985. **C.C. Jensen A/S**

(Jóhannes L.L. Helgason hrl.)

gegn

Bátanausti hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lausafjárkaup. Viðtökudráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 5. s.m. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 33.267,77 danskar krónur með 10% ársvöxtum af 32.938,00 dönskum krónum frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember 1982, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983, en með 7% ársvöxtum af 33.267,77 dönskum krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í byrjun maímánaðar 1982 fól stefndi Kili hf. í Keflavík að panta frá áfrýjanda skipsglugga og kýraugu af Sikovigerð. Við pöntunina voru gluggarnir og kýraugun sögð vera í stýrishús á m/b Jóni Helgasyni (sic) ÁR 12, sem fyrirhugað var að stefndi smíðaði á bátinn fyrir eiganda hans, Frægan hf. í Þorlákshöfn. Pöntun þessari kom stefndi til áfrýjanda með bréfi 11. maí 1982. Var í pöntunarseðli Kjalar hf. beðið um að vörurnar yrðu afgreiddar til stefnda vegna m/b Jóns Helgasonar. Greiðsla skyldi fara fram í Landsbanka Íslands gegn afhendingu kaupskjala.

Áfrýjandi sendi vöruna til stefnda svo sem um var beðið. Er

vörureikningur ritaður 30. júní 1982 en farmskírteini gefið út 1. júlí 1982 og hvorttveggja sent Landsbanka Íslands til innheimtu af viðskiptabanka áfrýjanda. Er viðurkennt af fyrirsvarsmanni stefnda, að stefnda barst tilkynning um komu skjalanna og tilmæli um að leysa út vöruna.

Þegar á reyndi innleysti stefndi ekki kaupskjölin eða veitti gluggunum viðtöku. Virðist það hafa verið viðhorf hans að eiganda m/b Jóns Helgasonar bæri að leggja fram það fé sem þyrfti til að greiða umkrafið kaupverð og farmgjald svo og toll, enda hefði varan verið pöntuð fyrir hann. Stefndi ætti að sínu leyti einungis að annast frágang innflutningsskjala og sjá um tollafgreiðslu. Hafi það verið forsenda þess að eigandi m/b Jóns Helgasonar kæmist hjá að greiða söluskatt af gluggunum.

Er dráttur varð á greiðslu kaupskjalanna í Landsbankanum telur fyrirsvarsmaður Kjalar hf. sig ítrekað hafa beiðst þess af stefnda að ósk áfrýjanda að vörurnar yrðu greiddar. Er þeirri staðhæfingu ekki mótmælt. Þau tilmæli komu þó fyrir ekki. Hinn 20. maí 1983 krafði lögmaður áfrýjanda stefnda síðan bréflega um greiðslu skuldarinnar, en einnig án árangurs. Höfðaði áfrýjandi að svo búnu mál þetta til heimtu kröfunnar. Fáum dögum síðar, eða hinn 15. júní 1983, endursendi Landsbankinn kaupskjölin til viðskiptabanka áfrýjanda þar sem ekki hafði tekist að innheimta kröfuna samkvæmt þeim. Virðist Landsbankinn þá ekki hafa vitað um málshöfðunina og lögmaður áfrýjanda ekki hafa fengið vitneskju um endursendingu skjalanna fyrr en síðar.

Hinn 3. mars 1984 voru gluggarnir seldir á opinberu uppboði til greiðslu á aðflutningsgjöldum að kröfu tollstjórans í Reykjavík. Gekk allt uppboðsandvirðið til greiðslu kostnaðar og aðflutningsgjalda að því er ætla verður.

II.

Sýknukröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því að kröfum áfrýjanda sé ranglega að sér beint. Hann hafi ekki verið kaupandi glugganna sjálfur heldur hafi hann pantað þá fyrir eiganda m/b Jóns Helgasonar. Eigi hann því eigi að greiða þá. Hér er þess þó að geta að Hákon Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda, viðurkenndi, er hann kom fyrir dóm, að gluggarnir hefðu verið pantaðir í nafni

Bátanausts hf. Hefur þessi sýknuástæða því ekki við rök að styðjast. Skiptir hér ekki máli þó að þess væri getið við pöntunina að hún væri gerð vegna verks þess sem stefndi ætlaði að vinna við m/b Jón Helgason, enda gaf það afrýjanda ekki sérstaka ástæðu til að ætla að hann ætti við annan en stefnda að eiga sem kaupanda.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfu sína á því að áfrýjandi hafi ekki gætt glugganna, svo sem honum hafi borið samkvæmt 33. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, er stefndi veitti þeim ekki viðtöku. Þeir hafi verið seldir á opinberu uppboði án þess að stefndi gæti varnað því þar sem kaupskjölin hafi þá ekki verið lengur í Landsbankanum. Áfrýjanda sé ekki lengur kleift að fá stefnda gluggana í hendur. Sé sér því óskýlt að greiða kaupverð þeirra og annan kostnað.

Því er ekki haldið fram að margnefndir gluggar hafi orðið fyrir skemmdum áður en þeir voru seldir á uppboðinu eða að geymslu þeirra hafi verið á nokkurn hátt áfátt. Verður því ekki séð að af þeirri ástæðu hafi borið nauðsyn til að flytja þá á annan geymslustað. Ekki hefur verið bent á aðra en Kjöl hf. sem rétt hefði verið að taka gluggana til varðveislu fyrir áfrýjanda eftir ákvæðum 33. gr. laga um lausafjárkaup. Ekki er þó sannað að Kjölur hf. hafi haft öðru hlutverki að gegna hér á landi fyrir áfrýjanda en að afla tilboða í þær vörur sem hann seldi og ekkert er upplýst um að hann hafi haft starfsstöð í Reykjavík, þar sem ákvörðunarstaður glugganna var. Af því sem fram er komið í málinu þykir ótvírátt mega ráða að stefndi hafi verið ófánlegur til að greiða kaupverð glugganna allt til þess er þeir voru seldir og að endursending kaupskjalanna hafi þar engu máli skipt. Þá verður ekki séð að flutningur glugganna í tollvörugeymslu Kjalar hf. hefði neinu breytt um það, að fyrr eða síðar hefði komið til uppboðs á þeim vegna ógreiddra aðflutningsgjalda, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1960. Samkvæmt öllu þessu þykir áfrýjandi ekki hafa misst rétt sinn til heimtu kaupverðs glugganna þótt þeir væru seldir með þeim atvikum sem raun varð á.

III.

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Kaupverð glugganna ásamt flutningsgjaldi	
o.fl.	32.938,00 DKR
2. Bankakostnaður	329,77 —
	<hr/>
Alls	33.267,77 DKR

Krafa þessi hefur ekki sætt andmælum tölulega og verður hún því tekin til greina með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 70.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bátanaust hf., greiði áfrýjanda, C. C. Jensen A/S, 33.267,77 danskar krónur með 10% ársvöxtum af 32.938,00 dönskum krónum frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember 1982, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983 en með 7% ársvöxtum af 33.267,77 dönskum krónum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. september 1984 hefur Jóhann Steinason hrl. f.h. C. C. Jensen A/S, Maskine fabrik, Rødeledsvej 60, DK 5700, Svendborg, Danmörku, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 6. júní 1983 og framhaldsstefnu, útgefinni 15. júlí 1983 á hendur Bátanausti hf., við Elliðavog, Reykjavík, nnr. 0977-5161 til greiðslu skuldar DKR 33.267,77 með 10% ársvöxtum af DKR 32.938,00 frá 15. júlí 1982 til 1. nóvember s.á., en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 15. apríl 1983 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1983, en af DKR 33.267,77 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Í þinghaldi hinn 26. mars 1984 tók Þorfinnur Egilsson hdl. við meðferð málsins af Jóhanni Steinasyni hrl.

Á dómþingi hinn 22. júní 1984 var fallið frá kröfum á Fræg hf., Þorlákshöfn, nnr. 3526-6887, sem stefnt var inn í málið með sakaukastefnu, birtri 8. ágúst 1983.

Stefnandi telur málavexti vera þá að stefndi Bátanaust hf. hafi í byrjun maímánaðar 1982 haft samband við Kjöl sf., umboðsmann stefnanda á Íslandi, og pantað hjá stefnanda skipsglugga og kýraugu af Sikovi-gerð þar sem Bátanaust hf. væri að hefja smíði á stýrishúsi í m/b Jón Helgason ÁR 12, eign Frægs hf., Þorlákshöfn. Stefnandi hafi mótttekið pöntun þessa 11. maí 1982 ásamt með upplýsingum um hver hefði pantað vöruna, vegna hvaða báts og að Bátanaust hf. væri viðtakandi vörunnar. Pöntunin hafi verið send til Íslands með skipi 30. júní 1982.

Stefnandi telur nánari tildrög hafa verið þau að Frægur hf. hafi í mars 1982 beðið stefnda, Bátanaust hf., að smíða stálstýrishús á m/b Jón Helgason ÁR 12 og hafi stefndi, sem reki dráttarbraut og skipasmíðastöð tekið það að sér og hafi hinn 29. apríl 1982 pantað járn í smíðina hjá Innkaupum hf. og glugga í stýrishúsið hjá stefnanda. Hinn 14. maí 1982 hafi kostnaðar-áætlun, teikningar og lánsúmsókn verið send til Fiskveiðasjóðs og hafi verið gefið vilyrði fyrir láni út á smíðina. Páll Hjartarson, skipatæknifræðingur hjá Siglingastofnun ríkisins, hafi verið fenginn til þess að teikna stýrishúsið og hafi teikningar verið tilbúnar 14. maí 1982. Frægur hf. muni hafa beðið um frest í smíðina í júní 1982 og aftur í september s.á. og endanlega hafi hann hætt einhliða við smíðina í desember 1982 og hafi þá verið að semja við Daniel Þorsteinsson & Co, hf. um smíði á stýrishúsi. Stefnandi hafi ekki fengið að vita ofangreinda málavöxtu um viðskipti Frægs hf. og Bátanausts hf. fyrr en löngu eftir að skipsgluggarnir hafi verið komnir til Íslands.

Dómkröfuna kveður stefnandi annars vegar vera andvirði hinna smíðuðu glugga og flutningskostnaður. DKR. 32.938,00, og hins vegar bankakostnaður DKR 329,77. Bankakostnaðurinn sé þannig til kominn að þegar umræddar vörur hafi verið sendar til Íslands á sinum tíma hafi allir reikningar og farmpappírar verið sendir til Landsbanka Íslands svo kaupandi vörunnar gæti greitt hana þar. Eins og fram komi í skjölum málsins hafi Landsbanki Íslands endursent ofangreinda pappíra hinn 15. júní 1983 til viðskiptabanka stefnanda í Danmörku, Svendborg Bank, og séu DKR. 329,77 samanlögð þóknun bankanna fyrir ómak sitt, en stefnandi hafi greitt fjárhæð þessa hinn 21. júní 1983. Smíða- og flutningskostnaður er skv. sundurliðuðum reikningi frá 30. júní 1982.

Stefnandi telur að líta verði á stefnda Bátanaust hf. sem verkataka í máli þessu vegna þess m.a. að skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir eins og

stefndi taki að sér viðgerðir og smíði á bátum og panti og kaupi það sem til þurfi hverju sinni í sínu nafni og fyrir eigin reikning til lagfæringar og endurnýjunar á viðkomandi verki hvert sinn. Heldur stefnandi því fram að stefndi Bátanaust hf. hafi verið viðsemjandi hans alla tíð og það að reikningur stefnanda sé merktur Bátanausti hf. vegna m/b Jóns Helgasonar stafi af því að stefndi láti merkja vöruúttekt sína viðkomandi verki eða verkum, sjálfum sér til hagræðis svo sem vegna bókhalds o.fl. Slik merking byggist á viðskiptavenju sem alls staðar sé við lýði og gildi ekki síst í viðskiptum verktaka við viðsemjendur sína.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. 2. gr., 12. gr. og 28. gr. sem og viðskiptavenjum.

Á dómþingi hinn 9. apríl 1984 kom fram að gluggar þeir, er dómkrafan er spottin af, voru seldir á opinberu uppboði að kröfu tollstjórans í Reykjavík hinn 3. mars 1984.

Af hálfu stefnda Bátanausts hf. er málavöxtum þannig lýst að framkvæmdastjóri Frægs hf. hafi óskað þess að stefndi Bátanaust hf. smíðaði stýrishús á m/b Jón Helgason ÁR 12, eign Frægs hf. Gerð hafi verið kostnaðaráætlun sem liður í undirbúningi slíks verks. Að ósk framkvæmdastjóra Frægs og fyrir hans hönd v/ Jóns Helgasonar ÁR 12 hafi stefndi pantað stál og flatjárn til verksins. Þá hafi verið teiknað stýrishús og gálgi á skipið. Kostnaðaráætlun og teikningar hafi verið sendar Fiskveiðasjóði sem gefið hafi vilyrði fyrir lánsfyrirgreiðslu. Stefndi Bátanaust hf. hafi þannig verið ráðinn til að smíða stýrishús á bátinn Jón Helgason ÁR 12 vorið 1982. Hafi þetta ekki verið gert á grundvelli útboða eða tilboðs. Skyldi verkið unnið sem reikningsvinna þannig að Bátanaust hf. yrði starfsmaður Frægs hf., en ekki verktaki.

Þar eð framkvæmdastjóri Frægs hf. hafi talið sig hafa vitneskju um að það gæti tekið nokkurn tíma að panta og fá afgeidda glugga í stýrishúsið, hafi hann falið starfsmanni sínum, stefnda Bátanausti hf., að annast það að panta rétta glugga í stýrishúsið fyrir sig. Skv. þessari beiðni hafi starfsmaður Bátanausts hf., Einar Hákonarson, haft samband við Egil Þorfinnsson og tjáð honum að Frægur hf. vildi láta smíða stýrishús á bát sinn og þyrfti að fá pantaða í hann glugga. Skömmu síðar hafi Egill Þorfinnsson komið á vinnusvæði Bátanausts hf., yfirfarið teikningar, skráð niður mál og tekið niður pöntun á gluggum í bátinn. Einar Hákonarson, starfsmaður stefnda Bátanausts hf., hafi þar með gert Agli Þorfinnssyni pöntun f.h. Frægs hf. í glugga í stýrishúsið. Pöntun þessari hafi Egill Þorfinnsson komið á framfæri við Kjöl sf. Keflavík. Kjölur sf. hafi komið pöntuninni áfram til framleiðanda glugganna, stefnanda máls þessa. Pöntun frá Kili sf. til stefnanda hljóði á sendingu tilgreindrar vöru til Bátanausts hf. vegna

m/b Jóns Helgasonar. Skömmu eftir að pöntunin hafi verið gerð hafi Frægur hf. haft samband við Bátanaust hf. til að reka á eftir pöntun á gluggum.

Um sumarið hafi framkvæmdastjóri Frægs hf. haft samband við starfsmann sinn, Bátanaust hf., og beðið hann að biða með frekari framkvæmdir og hefja ekki smíðina að svo stöddu. Þannig hafi hann ítrekað frestað verkinu, þar til í september að hann hafi falið stefnda að skila aftur stáli og flatjárnni. Hafi Frægur hf. talið sig geta komist inn í raðsmíðaverkefni er hafi átt að fara í gang skv. áætlun þáverandi ríkisstjórnar. Hafi hann ætlað að nota gluggana í þá smíði og hafi því ekki viljað að stefndi Bátanaust hf. hefði afskipti af þeim. Síðar hafi hann samið við Danielsslipp um smíði stýrishúss á bát sinn, en ekki haft fyrir því að segja upp starfsmanni sínum Bátanausti hf. eða gera upp vinnulaun við hann.

Hinn 20. maí 1983 hafi stefnandi krafið stefnda Bátanaust hf. um andvirði glugganna skv. reikningi, en ekki boðið fram gluggana gegn greiðslu. Hafi talsmaður stefnda Bátanausts hf. þá haft samband við lögfræðing stefnanda og bent á að varan hafi verið pöntuð f.h. Frægs hf. og í bát hans en til afhendingar á vinnusvæði Bátanausts hf.

Stefndi telur vera venju fyrir því að skipasmíðastöðvar í samvinnu við innflytjendur gangi frá pöntun á skipsgluggum f.h. eigenda báta. Þegar stefndi Bátanaust hf. hafi átt hlut að máli hafi í öllum tilfellum verið þannig staðið að verki að starfsmenn Bátanausts hf. hafi haft samband við Egil Þorfinnsson, sem hafi síðan skráð niður pöntun, komið henni á framfæri við Kjöl sf., sem hann áður var eigandi að, Kjölur sf. hafi síðan sent pöntun til framleiðanda. Allt sé þetta þannig gert, að gluggar sendist til stefnda Bátanausts hf., en pöntunin sé gerð í nafni og á ábyrgð viðkomandi báts. Bátseigandinn fari síðan í Kjöl sf. þegar gluggarnir komi til landsins og setji þeim tryggingu fyrir greiðslu glugga og fái tollendurgreiðslu. Byggist þessi háttur á því að útgerðarmenn hafi fengið tollendurgreiðslu en ekki skipasmíðastöðin, sem og á því að bátseigandi þurfi að borga skipasmíðastöð álagningu ef hún kaupir og leysi út gluggana. Við gerð pöntunar hafi stefnanda og umboðsmanni hans verið ljóst að stefndi Bátanaust hf. ábyrgðist ekki greiðslu og myndi ekki greiða fyrir gluggana, heldur útgerðarmaður gegn afhendingu á gluggunum. Stefndi Bátanaust hf. hafi skv. ofangreindu verið starfsmaður Frægs hf., en ekki verktaki og hafi ekki pantað gluggana í eigin nafni heldur f.h. eigenda bátsins. Stefndi Bátanaust hf. hafi verið umboðsmaður eigenda bátsins á sama hátt og Kjölur sf. hafi verið umboðsmaður stefnanda. Sé stefndi Bátanaust því ekki aðili að máli þessu frekar en Kjölur sf. og beri því að sýkna hann á grundvelli aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga 85/1936 og reglna um umboðsmenn, sbr. lög

7/1936. Teljist stefndi Båtanaust hf. aðili að þessum kaupum þá beri einnig að líta á Kjöl sf. og/eða Egil Þorfinnsson sem aðila, en þá beri ekki að líta á stefnanda sem aðila.

Í greinargerð sinni lagði stefndi áherslu á að stefnandi byði ekki fram afhendingu vörunnar gegn greiðslu andvirðis hennar, né heldur hafi hann sannað að hann gæti afhent vöruna. Sé hann því ekki að reyna að halda upp á meintan kaupanda kaupunum. Vegna orðaskipta lögmannna um þessa málsástæðu í þinghaldi hinn 26. mars 1984 bókaði dómari eftirfarandi: „lögmaður stefnanda upplýsir vegna fyrirspurnar dómara að stefnandi sé að herma kaup upp á stefnda Båtanaust hf. og varan verði afhent stefnda Båtanausti hf. gegn greiðslu hennar.“ Við málf lutning 9. apríl sl. vísaði lögmaður stefnda til þessarar bókunar og ítrekaði þá fullyrðingu sína að stefnandi hafi aldrei boðið fram vöruna og hafi stefnandi sjálfur glatað vörunni. Bendi skjöl og stefna málsins til þess að hann hafi alltaf ætlað sér að málið færi svona. Þessu mótmælti lögmaður stefnanda og kvað umbjóðanda sinn ekki hafa fengið tilkynningu um uppboð það er fram fór 3. mars sl., en kvaðst hafa tvisvar til þrisvar sinnum áður forðað uppboði vörunnar skv. beiðni stefnanda. Mál þetta var endurupptekið 22. júní sl. og fór fram aðalflutningur og málf lutningur að nýju 20. september sl. Í þeim málf lutningi hélt lögmaður stefnda því fram að lögmaður stefnanda hafi breytt dómkröfum sínum í réttarhaldi hinn 26. mars sl. skv. ofangreindri bókun með því að upplýsa að krafan sé um efndir in natura og hafi hann þar með skuldbundið sig til þess að afhenda vöru gegn greiðslu, ekki liggi fyrir breyting á þessari dómkröfu og sé of seint að gera breytingu á henni. Lögmaður stefnanda mótmælti þessu og tók fram að við réttarhaldið hinn 26. mars sl. hefði hann ekki vitað að búið væri að selja vöruna.

Niðurstaða dómsins.

Hinn 15. maí 1982 gerir stefndi, Båtanaust hf. svohljóðandi pöntun hjá stefnanda, C.C. Jensen, Danmörku, með milligöngu Kjalar sf., umboðsmanns stefnanda á Íslandi:

1019

„KJÖLUR S/F

TJARNARGATA 35 - KEFLAVÍK - ICELAND

TELEPHONES: 92-2121 & 92-2041 - CABLE: KJÖLUR

ORDER No. 1083/82.

C.C. Jensen
Rodeledsvej 60
Svendborg
Danmark.

Please ship the following goods to:
Bátanaust h/f.
v/Elliðavog, Reykjavík
v/ m/b. Jón Helgason.

Your ref./offer		Date of this order 11/5 1982
Delivery Hurtigst muligt.		
Port og discharge		
Shipping Agent		
Payment Mod domumenter i Landsbanki Íslands, Reykjavík.		
Item no	Quantity	Description
		<i>Material Aluminium</i>
	4 stk.	Ábningsbare páboltningsskóöjer 300 m.m. Ø 2 P 5006 UK
	3 —	Faste vinduer 300×400, norm spigot, Tegn. 2-201-1
	2 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1, Frontradius 3500 m.m.
	2 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1
	1 —	— — 400×600, norm spigot, Tegn. 2-201-1, Frontradius 3500 m.m.
		— Til dette vindue leveres og monteres Seaview Klarsigtsrude 300/343, el.ström 32 V DC.-Placeres 50 m.m. over centrum.
	1 —	Skydevindue 550×750, norm. spigot, Tegn. 2-201-10
	3 —	— — 400×600, norm. spigot, Tegn. 2-201-10
	2 —	— — 400×600, norm. spigot, Tegn. 2-201-10 Frontradius 3500 m.m.
		— Til skydevinduerne leveres 6 stk. Saks.
		Med venlig hilsen Kjölur s/f. Huxley Ólafsson“

Skyldi pöntunin afhent eins fljótt og mögulegt væri og greiðsla fara fram í Landsbanka Íslands gegn afhendingu skjala.

Ekki hefur tekist að upplýsa svo óyggjandi sé hvernig staðið var að pöntun vörunnar en stefndi og Kjölur sf. höfðu átt viðskipti um árabíl og í þeim viðskiptum höfðu pantanir iðulega verið teknar niður í síma. Af hálfu stefnda hefur það ekki verið véfengt að pöntun þessi hafi verið gerð en hann neitar því hins vegar að vera sjálfur skuldbundinn af henni gagnvart stefnanda þar sem hún hafi verið gerð fyrir annan aðila, Fræg hf., eiganda bátsins m/b Jóns Helgasonar, en stefndi hafði tekið að sér smíði stýrihúss á þann bát og var pöntunin gerð vegna þessa svo sem áður hefur verið rakið. Pöntun, reikningur og farmpappírar eru merkt stefnda þannig: „Bátanaust hf. v/ m/b Jón Helgason“. Ekki verður séð að neinar nánari upplýsingar hafi fylgt um bátinn m/b Jón Helgason, svo sem hver væri eigandi hans, einkennisstafir eða heimahöfn, né heldur verður séð að fyrirvari hafi verið gerður um það að stefndi væri ekki kaupandi vörunnar. Forsvarsmáður stefnda, Hákon Einarsson, kom fyrir dóminn og lýsti því þar yfir að Bátanaust hf. hefði litið á sig sem innflytjanda vörunnar. Telja verður að stefnandi hafi mátt treysta því að stefndi væri skuldbundinn gagnvart sér samkvæmt pöntuninni enda verður ekki séð að honum hafi verið tilkynnt annað. Það að nafn báts þess, sem hinir sérpöntuðu gluggar áttu að fara í er tilgreint við pöntun, þykir ekki fullnægjandi til að firra stefnda ábyrgð gagnvart stefnanda. Getur það engu breytt um ábyrgð stefnda gagnvart stefnanda þótt þeir viðskiptahættir hafi tíðkast milli stefnda og íslenskra viðsemjenda hans að þeir greiddu honum andvirði vöru sem pöntuð var erlendis frá vegna umsaminnar verkefna áður en stefndi innleysti nauðsynleg skjöl í banka.

Ljóst þykir að kaupsamningur hafi komist á með aðilum og sendir stefnandi vöruna til Íslands, skv. farmbréfi útgefnu í Kaupmannahöfn hinn 1. júlí 1982. Reikningur er dags. 30. júní 1982. Skjöl voru send Landsbanka Íslands, samkvæmt skilmálum kaupsamnings, hinn 6. júlí 1982 af viðskiptabanka stefnanda Svendborg Bank, Danmörku, og móttekin af Landsbankanum hinn 8. júlí 1982 og hafði þá stefndi aðgang að vörunni gegn greiðslu hennar í bankanum. Stefndi virðist ekki hafa tilkynnt stefnanda um fyrirjáanlegan drátt á því að varan yrði innleyst skv. beiðni viðsemjenda hans. Samkvæmt framburði Huxleys Ólafssonar, forsvarsmanns Kjalar sf., mun hann, er dráttur varð á greiðslu stefnda, hafa beint munnlegri kröfu þar um til stefnda. Ekki hefur verið leitt í ljós að stefndi hafi þá eða síðar gefið til kynna að hann væri orðinn afhuga kaupunum eða teldi sig ekki vera aðila að þeim. Lögfræðingur stefnanda sendir stefnda kröfubréf dags. 20. maí 1983. Mál þetta er þingfest 23. júní 1983 og var stefna árituð um móttöku af lögmanni stefnda hinn 6. júní 1983. Hafði

stefndi þá haft aðgang að vörunni gegn greiðslu í Landsbanka Íslands í hart nær eitt ár. Greinargerð lögmanns stefnda er lögð fram 27. október 1983. Tollstjórinn í Reykjavík fer fram á dómkvaðningu matsmanna til að meta verðgildi vörunnar og fer matið fram 16. febrúar 1984. Varan er seld á opinberu uppboði 3. mars s.á. Ekki er annað í ljós leitt en stefndi, sem skráður innflytjandi vörunnar, hafi fengið lögboðnar tilkynningar um dómargerðir þessar. Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir fyrir dómi að hann hafi forðað uppboði vörunnar oftár en einu sinni. Samkvæmt þessu er ljóst að báðum aðilum var fullkunnugt um þá yfirvofandi hættu að varan glataðist.

Að því athuguðu, sem að ofan hefur verið rakið, verður ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

Skal nú tekið til athugunar hvort á seljanda hafi hvílt skylda til að koma í veg fyrir að varan glataðist. Huxley Ólafsson upplýsti fyrir dómi að Kjölur sf., umboðsmaður stefnanda, hefði tollvörugæmslu til umráða. Flutningsgjöld voru greidd fyrirfram. Verður því að telja að stefnanda hafi borið að fela umboðsmanni sínum hér á landi skv. 33. gr. i.f. sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup að flytja vöruna yfir í tollvörugæmslu sína meðan á viðtökudrætti stefnda stóð til að forða nauðungarsölu á vörunni, enda virðist hann hafa getað gert það án mikils kostnaðar eða óhagræðis. Til þess ber einnig að líta að aðilar málsins höfðu átt með sér viðskipti um árabíl og verður að ætla að Huxley Ólafssyni hafi verið fullkunnugt um viðskiptahætti stefnda og viðsemjenda hans, þar með talið að stefndi hafi ekki fengið álagningu fyrir milligöngu sína.

Ekki þykir krafa stefnanda verða skilin öðruvísi en svo, að hann hafi með henni viljað halda upp á stefnanda kaupinu, skv. 28. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup. Þykir verða að líta á ofangreinda yfirlýsingu lögmanns stefnanda fyrir réttinum hinn 26. mars sl. sem áréttingu þessarar kröfugerðar, enda var hún gefin í beinu framhaldi orðaskipta lögmannanna um það hvernig bæri að skilja kröfugerð stefnanda. Ekki verður á það fallist með lögmanni stefnda að í greindri yfirlýsingu felist skuldbinding umfram það sem felst í upphaflegri kröfugerð. Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir fyrir dóminum að hann hafi ekki vitað, er ofangreind bókun var gerð, að búið væri að selja vöruna á opinberu uppboði og hefur þeirri staðhæfingu ekki verið hnekkt. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess að annar hvor aðila hafi keypt vöruna á uppboðinu.

Þar sem varan hefur nú glatast og þar sem telja verður það á ábyrgð stefnanda að þannig fór þar sem hann tók ekki vöruna í sína vörslu eftir að honum mátti vera ljóst að stefndi neitaði að veita henni móttöku verður að telja að þær forsendur, sem voru fyrir kröðugerð stefnanda er mál þetta var höfðað, séu nú brostnar, þar sem hann getur ekki lengur fullnægt

samningnum af sinni hendi. Bótakrafa hefur ekki komið fram. Þykir því rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari, ásamt með-dómsmönnum Guðmundi Árnasyni forstjóra og Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bátanaust hf., skal vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns f.h. C.C. Jensen, Svendborg, Danmörku í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 10. júní 1986.

Nr. 37/1985. **Charlotta Steinþórsdóttir**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

og gagnsök

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Skattar. Söluhagnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1985. Hann krefst greiðslu á 140.237,00 krónum með ársvöxtum eins og hér segir:

Aðallega 45% af 42.698,00 krónum frá 1. september 1983 til 20. september s.á., 37% frá 21. september 1983 til 20. október s.á., 36% frá 21. október 1983 til 6. nóvember s.á., en af 107.724,00 krónum frá 7. nóvember 1983 til 20. nóvember s.á. 32% af þeirri